

**Sp.**

**416. Fyrirspurn**

[246. mál]

til viðskiptaráðherra um viðskipti með skuldabréf.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hefur ráðuneytið fylgst með því sérstaklega hvort ákvæðum 1. tölul. 39. gr. laga um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13 frá 10. apríl 1979, um nafnskráningu verðtryggðra sparifjárreikninga, krafna og skuldabréfa, sé framfylgt?
2. Hefur ráðuneytið fylgst með því hvort 1. gr. tilskipunar um áritun afborgana á skuldabréf frá 1798 sé framfylgt í bönkum, sparisjóðum og í viðskiptum manna?
3. Telur ráðherra þörf á að innleiða algera framsalsskyldu varðandi skuldabréf sem ganga kaupum og sölum?